



Lántökugjald Landsbankans óháð fjárhæð



Landsbanki Fastgjald fyrir lántöku.

● Landsbankinn hyggst innheimta fast lántökugjald, eða **52.500** krónur, af hverju íbúðarláni til einstaklinga í stað þess að lántökugjald nemi tilteknu hlutfalli af lánsfjárhæð.

Í tilkynningu frá Landsbankanum segir að breytingin muni í langflestum tilfellum leiða til þess að lántakendur greiða **mun lægra** lántökugjald en áður. Bankinn nefnir sem dæmi lántökugjald og kostnað af 20 milljóna króna íbúðaláni sem var áður 155.000 krónur, en lækkar nú niður í 52.500 krónur.

Sem fyrr verður lántökugjald fellt niður hjá þeim sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign. Fyrir þá sem taka einnig allt að 15% **viðbótarlán** umfram íbúðarlán sem nemur 70% af kaupverði, verður lántökugjald innheimt eins og um eitt lán sé að ræða.